

**Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 3. desember 2014 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-66/2014:

**I**

**Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 28. ágúst sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hún telur vera á farsíma, sem hún keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess seljandi greiði sér skaðabætur.

**II**

**Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags 19. september sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og frest til þess að skila þeim til 3. október. Hvorki andsvör né frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 2. desember, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

**III**

**Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að 13. ágúst 2013 keypti álitsbeiðandi farsíma af gerðinni iPhone 5 16GB af seljanda fyrir kr. 131.220. Fyrri hluta sl. sumars bilaði síminn. Lýsti bilunin sér með þeim hætti að lóðréttar rákir eða línur mynduðust hægra megin í snertiskjá símans og hætti tækið að nema snertingu þar sem rákirnar voru. Segir álitsbeiðandi að við þetta hafi síminn orðið lítið nothæfur. Viðurkennir álitsbeiðandi að hún hafi vissulega misst símann í einhver skipti, með þeim afleiðingum að skemmdir komu á hliðar símans, en það hefði þó ekki átt að hafa fyrrgreindar afleiðingar. Fór álitsbeiðandi með símann á starfsstöð seljanda í Kringlunni. Þaðan var síminn sendur á verkstæði. Fór álitsbeiðandi í kjölfarið erlendis, en þegar hún hafði aftur samband við seljanda var henni tjáð að síminn væri höggskemmdur og því tæki seljandi ekki ábyrgð á biluninni. Jafnframt var álitsbeiðanda tjáð að hún þyrfti að borga kr. 30.000 fyrir viðgerð á símanum. Óskaði álitsbeiðandi í kjölfarið eftir því að fá afrit af viðgerðarskýrslu, sem hún og fékk. Segir álitsbeiðandi að skýrslan hafi ekki innihaldið annað en myndir af símanum, sem álitsbeiðandi telur ekki næga sönnun fyrir því að síminn hafi verið höggskemmdur. Fór álitsbeiðandi þá á starfsstöð seljanda í Ármúla og krafðist þess að málið yrði skoðað betur. Var síminn sendur aftur á verkstæði seljanda, en niðurstaðan var aftur sú sama, að síminn væri höggskemmdur og ekki annað leitt í ljós en að álitsbeiðandi bæri ábyrgð á því. Segir álitsbeiðandi að eftir þetta hafi seljandi boðist til að afhenda henni nýjan síma gegn greiðslu kr. 50.000. Segist álitsbeiðandi hafa tekið því, en þrátt fyrir að hún sé með heimilistryggingu þurfi hún sjálf að greiða um kr. 25.000 fyrir útskiptinguna. Mun umrædd útskipting hafa farið fram hinn 17. september sl. Krefst álitsbeiðandi þess að seljandi endurgreiði sér útlagðan kostnað sinn vegna útskiptingarinnar.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af kvittun fyrir kaupum á umræddum síma, dags. 13. ágúst 2013, sem og afrit af kvittun vegna útskiptingar á sama síma að fjárhæð kr. 50.000, dags. 17 september 2014. Engar upplýsingar fylgja álitsbeiðni um aðkomu tryggingafélags að málinu.

**IV**

**Niðurstaða kæruneftndarinnar**

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Seljandi hefur ekki sent kærunefndinni andsvör og verður að því er atvik málsins varðar að byggja á því sem kemur fram í þeim gögnum sem álitsbeiðandi hefur sent nefndinni.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi farsíma af gerðinni iPhone 5 16GB af seljanda hinn 13. ágúst 2013 fyrir kr. 131.220. Síminn bilaði snemmsumars 2014 og hinn 17. september sl. afhenti seljandi álitsbeiðanda nýjan sams konar síma gegn greiðslu kr. 50.000. Álitsbeiðandi telur að síminn hafi verið haldinn galla og krefst þess að fá umræddar kr. 50.000 endurgreiddar. Verður ráðið af álitsbeiðni að seljandi hafi hafnað þeirri kröfu á þeim grundvelli að álitsbeiðandi hafi sjálf valdið höggskemmdum á símanum.

Um galla er fjallað í 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Í a-lið 1. mgr. 16. gr. segir að söluhlutur teljist gallaður ef „hann sé ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr.“ Í b-lið 2. mgr. 15. gr. segir að söluhlutur skuli „hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað.“ Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ eins og segir í 1. mgr. 26. gr. laganna.

Ekki er um það deilt að sími sá er álitsbeiðandi keypti hinn 13. ágúst 2013 er bilaður. Hlutlægt séð er síminn því haldinn galla í skilningi 16. gr. laganna, sbr. 15. gr. sömu laga. Í 2. mgr. 18. gr. laganna er að finna reglu um sönnun á galla. Þar segir m.a.: „Ef annað sannast ekki skal galli, sem upp kemur innan sex mánaða frá því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda, talinn hafa verið til staðar á því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda.“ Samkvæmt framangreindu lagaákvæði hvílir sönnunarbyrðin fyrir því að síminn sé haldinn galla á seljanda fyrstu 6 mánuðina eftir að kaup fara fram. Að þeim tíma liðnum færist sönnunarbyrðin yfir á neytanda, í þessu tilviki álitsbeiðanda. Umrædd bilun kom fram um 10 mánuðum eftir kaupin. Að mati kærunefndarinnar hefur ekki verið annað í ljós leitt, en að sá galli, eða bilun sem hér um ræðir, verði rakin til höggskemmda á símanum, á meðan síminn var í umráðum álitsbeiðanda.

Verður því ekki annað séð en að umræddur galli sé sök álitsbeiðanda eða stafi af aðstæðum sem hana varði í skilningi áður nefndrar 1. mgr. 26. gr. laganna. Þegar af þeim sökum verður að hafna kröfum álitsbeiðanda.

V  
Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir